

Kvef, sveppir og spakmæli

Munur á læknadeild og hinu neðra

- Í hinu neðra sést einstaka maður brosa.
- Maður þarf ekki að læra lífræna efnafræði til að komast þangað.
- Maður nefnir það ekki einu sinni í æðiskasti að einhver væri betur kominn í læknadeild.
- Maður þarf ekki að taka námslán til að komast í hið neðra.
- Það er von til þess að maður geti sofði í hinu neðra.

Einkennandi fyrir starf lækna á slysadeild

- Algengasta spurningin þegar verið er að taka sjúkrasögu: „Hvað breyttist í kvöld sem gerði það að verkum að þú ákvaðst að leita á slysadeild sex (klukkustundum, dögum, vikum, mánuðum, árum) eftir að einkennin byrjuðu?“
- Sjúklingi með geðræn vandamál sem telur sig vera Krist er vísað inn í sama herbergi og annar sjúklingur er í sem telur sig vera Kölska.
- Maður fer að efast um að ruglið í sjúklingi með ofskynjanir sé vitleysa.
- Blindfullur 140 kílógramma klæðskiptingur í klefa 3 getur ekki hætt að biðja um símanúmerið heima hjá þér.

Á geðdeildinni

Geðlæknirinn við hjúkrunarfræðinginn sem hafði nýlega skipt um vinnustað: „Ég bið þig þess lengstra orða að segja bara að það sé mikið að gera hjá þér en ekki að þetta sé eins og á geðveikrahæli.“

Lét sig vanta

Ímyndunarveikur maður var svo tíður gestur á slysadeild að tekið var eftir því sérstaklega eina vikuna að hann lét ekki sjá sig. Loks kom hann á ný og þá gat einn af læknunum ekki stillt sig og sagði:

„Maður hefur ekki séð þig lengi. Hvar hefur þú eiginlega verið?“

„Ég var svo ansans ári slappur í síðustu viku að ég komst ekki út úr húsi,“ sagði sá ímyndunarveiki.

Eitt og annað um kvef

Ef þú nælir þér í kvef skaltu hringja í góðan lækni. Hringdu gjarnan í þrjá slíka ef þú vilt spila bridge.

„Guð-hjálp-þér“ breytir svo sem engu ef maður er kvefaður og hnerrar, en það er eins gott og hvað annað úr því læknavísindin hafa ekki fundið ráð sem dugar.

Framfarir í læknisfræði eru með ólíkindum. Áður fyrr

þegar gömul húsráð voru notuð við öllu var sagt að kvef gengi yfir á tveimur vikum. Nú á dögum nýjustu tækni og vísinda með öllum þeim undrallyfjum sem til eru lagast kvefið á hálfum mánuði.

Sveppir í matinn

Sjúklingurinn: „Læknir, læknir, hvað mundir þú gera, ef einhver hefði borðað eittraða sveppi?“

Læknirinn: „Ég hefði ráðlagt breytingu á mataræði.“

Fleyg orð frægra manna

New England Journal of Medicine greinir frá því að níu af hverjum tíu læknum sé sammála því að einn af hverjum tíu læknum sé bjáni. – *Jay Leno*

Það er komið upp nýtt vandamál. Læknar hafa upplýst að karlar sýni ofnæmisviðbrögð við latex í smokkum. Sagt er að viðbrögðin valdi svæsinni bólgu. Hvert er eiginlega vandamálið? – *Jay Leno*

Reyndu alltaf að hlæja þegar þú getur. Það er ódýrt læknisráð. – *Byron lávarður*

Par sem læknislistin er dásömuð er mannúðin einnig dásömuð. – *Hippókrates*

Ein af fremstu skyldum læknisins er að kenna alþýðunni að nota ekki lyf. – *Sir William Osler*

Ég mundi gera hvað sem er til að verða ungur aftur nema stunda líkamsrækt, vakna snemma og haga mér sæmilega. – *Oscar Wilde*

Ég trúi því að hverjum einasta manni sé ætlaður tiltekinn fjöldi hjartslátta. Ég hef ekki hugsað mér að eyða þeim sem mér eru ætlaðir í að stunda líkamsrækt. – *Neil Armstrong*

Hlátur er nokkurs konar innra skokk. Hann ýtir við innri líffærum og eykur öndunartíðnina. Hlátur vekur miklar vonir. – *Norman Cousins*

Læknar ávísa lyfjum sem þeir kunna lítil deila á til að ráða bót á sjúkdómum sem þeir vita enn minna um í fólki sem þeir þekkja alls ekki neitt. – *Voltaire*

Trúðu aldrei því sem sjúklingur segir þér að læknir hafi sagt. – *Sir William Jenner*

Enginn, ekki einu sinni læknir, gefur nokkru sinni aðra skilgreiningu á því sem hjúkrunarkona á að vera en „trú og hlýðin“. Þessi skilgreining gæti alveg eins átt við um húsvörð. Hún gæti jafnvel átt við um hross. – *Florence Nightingale*



Bjarni Jónasson

bjarni.jonasson@hg.is

Bjarni er heimilislæknir í Garðabæ.